



úlfus Guðni Antonsson býr á Þorgeirshóli í Vestur-Húnavatnssýslu. Þar er hann fæddur og uppalinn. Ég hitti hann á vélaverkstæði í Viðigerði sem hann rekur ásamt fleirum og það hann um að segja mér eitthvað um lífslaup sitt.

Eftir að ég lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskólanum á Saudárkróki hóf ég búskap með föður mínum en vegna erfiðleika í landbúnaði



hætti ég því. Það var skorið niður vegna ríðu og við stóðum uppi bústofnslausir. Á mínum námsárum stundaði ég girðingarvinnu samhliða búskap og seinna stofnaði ég fyrirtæki sem heitir Girðingaverk sf. Starfssvið fyrirtækisins er alhliða þjónusta hvað varðar girðingar og efni. Svo rekum við umboðs- og pöntunarþjónustu fyrir bændur. Auk þess höfum við rekstur á vélaverkstæði í Viðigerði, en við erum með þetta 3 bræður. Það er mest að gera á sumrin og 16 manna hópur er í girðingarvinnunni yfir sumarið, en 2-3 á veturna.

Hefur verið þrengt mikið að búskapnum á Íslandi?

Það er ekki hægt að segja annað en að þrengt hafi verið að helsta atvinnuvegi sveitanna. Þetta bitnar á þjónustunni. Það er ágætis dæmisaga hvernig þetta var hjá okkur. Ég ætlaði að byggja fjós fyrir kýrnar. Það var fyrir setningu búvörulaga. Ég hafði fengið vilyrði fyrir byggingunni, en síðan voru lögin sett og ég sótti um aukinn fullvirðisrétt, en fékk neitun vegna lélegra bygginga. Ég sótti þá um lán til að byggja betur, en þá fékk ég það svar að framleiðslurétturinn væri ekki nægjanlegur. Það er ekki fyrirsjáanleg breyting í erfiðleikum sauðfjárræktarinnar, en kúaræktin er viðráðanlegri. Það er hægt að stjórna henni.

Mér virðast allar ráðstafanir í búskaparmálum miða að aukinni miðstýringu og raunar er búið að gera alla bændur að launamönnum ríkisins. Það er ekki tekið tillit til hagkvæmni eða dugnaðar. Það er mikil óvissa í greininni. Það vantar framtíðarsýn í landbúnaðarmálum og er því erfitt fyrir bændur að taka framtíðarákvarðanir. Viljum við halda miðstýringunni eða megum við eiga von á breytingu? T.d. veit fólk ekki hvað tekur við eftir þetta aðlögunartímabil sem sett var á 1985 og á að vera til 1992.

Hvernig er að reka verkstæði hér í Viðigerði?

Það er erfitt meðan málum er þannig komið að enginn rekstur má bera sig. Vaxtabyrðin er óheyrlig. Þetta gengur þokkalega yfir sumarmánuðina en illa á veturna. Sumarið bætir veturinn upp. Það er austurhluti Húnavatnssýslu sem sækir þjónustu hingað og einnig

hluti af Austur-Húnavatnssýslu.

Snúum okkur aftur að landbúnaðarmálum. Hvernig finnst þér ríkisstjórnin hafa staðið sig?

Mér finnst hún hafa staðið sig mjög lélega og hefur þetta samstarf einkennst mest af óeiningu. Það virðist engin samstaða vera um þær ráðstafanir sem settar eru fram. Það viðhorf hefur verið ofarlega á baugi hjá Framsókn og Alþýðuflokki að ákvarðanir ríkisstjórnar séu eitthvað sem að ráðherra geti verið á móti. Ríkisstjórn getur ekki starfað nema að ákvarðanir hennar séu ákvarðanir allrar stjórnarinnar en ekki einstakra ráðherra. Raunar barnalegt að ráðherra í ríkisstjórn skuli segja það framan í alþjóð að ef hann réði þá væri þetta haft öðruvísi.

Ef stjórnin áttar sig ekki á vandanum og bætir sig er eins gott að hætta. Jafnvel þó að flokkarnir í stjórn tapi einhverju í kosningum. Þjóðarskútan er meira virði.

Er mikið þjóðmálaumræða hér í Húnavatnssýslu?

Ja, Íslendingar eru þekktir fyrir að tala mikið um pólitík. Kannski er ekki meiri umræða hér en í öðrum sýslum en umræðan er alla vegna ekki minni. Mér finnst ríkja hálfgrert vonleysi í pólitískri umræðu. Fólk hefur misst traust til sinna gömlu manna í flokkunum. Það er nú stundum gantast með það að það þurfi að fara að auglýsa eftir þingmönnum sem kosnir voru síðast. Maður vill vita hvað er að gerast. Það var nú kosinn á þing nýr maður í síðustu kosningum fyrir þetta kjördæmi. Hann hefur ekki sést og ekkert spurst til hans.

Er mikið félagslíf hér í sýslunni?

Ungmennafélagið er stærsti vettvangur fólks í félagslífi hér. Það er hérna eins og annars staðar sjónvarpið stelar tímanum frá fólk. Á veturna eru spilakvöld og bingó. Nú, maður kemur nálægt leiklist, en það er starfræktur leikflokkur á Hvammstanga. Í vetur settum við upp „Jóa“ eftir Kjartan Ragnarsson. Það er kirkjukór hérna og karlakór. Á veturna hefur verið spurningakeppni milli sveitarfélaganna sem ungmennasambandið hefur staðið fyrir.

Á sumrin liggur þetta að mestu leyti í dvala, en það eru haldin sveitaböll í félagsheimilunum og íþróttir stundaðar.

Það eru starfandi pólitísk félög en það er misjafnt hvað starfið er virkt.

Ertu bjartsýnn á þróun mála hér í sýslunni?

Ég held að ef fólk er ákveðið í að lifa hérna þá höfum við alla möguleika til að geta bætt hlutina. Til dæmis með því að vera vakandi fyrir þeim möguleikum sem gefast hverju sinni.

AGB

UMSJÓN STEINUNN ÁSMUNSDÓTTIR OG ARI GÍSLI BRAGASON



bænum Vatnshól í Vestur-Húnavatnssýslu hitti ég fyrir Halldór Jósafatsson 20 ára.

Halldór hefur búið alla ævi hjá foreldrum sínum og aðstoðað þau við búskapinn. Voríð 1987 útskrifaðist Halldór frá Bændaskólanum á Hvanneyri sem hann hafði stundað frá 1985.

Við Halldór höfum mælt okkur mót á heimili hans á Vatnshól og ég byrjaði á því að spyrja búfræðinginn unga hvernig heyskapur hefði gengið það sem af er sumri. Hægt, þeir sem byrjuðu snemma eru flestir komnir langt en sú tíð sem hefur verið undanfarið hefur verið slæm. Við erum með flest í

Ég ætla mér að vekja hlátur hjá fólki

Hláturinn lengir lífið segja sumir og una glaðir við sitt árið um kring. Aðrir telja slíka glaðværð bera vott um litla greind og sækja þungbúnir og alvörugefnir að háleittum takmörkum sínum. Best er líklega að setja báða

hópana saman í eina deiglu og fá þaðan út mannverur sem nálgast markmið sín af seiglu og festu, en brosa þó í kampinn mót lífinu og æðrast ekki þó ýmislegt gangi á í margbreytlegri tilveru okkar.



ér flaug í hug sagan um Þyrnirós sem vaknaði af svefni eftir hundrað ár, er ég hafði lokið viðtali við Ingu Lísu Middleton, tuttugu og þriggja ára gamla stúlku sem ættuð er að hálfu leyti frá Norðurlandi og að hinum hlutanum frá Sheffield á Ennglandi. Hún segist hafa vaknað úr nokkurskonar dvala er hún var átján ára og breyst í athafnamanneskju sem á sér hvorki takmarkanir né landamæri, ef svo má að orði komast.

Hvernig voru uppvaxtarín?

Ég fæddist í London og bjó í Englandi til ársins 1969, þá fluttist ég til Íslands með mömmu. Amma bjó hjá okkur líka svo við vorum þarna þrjú ætliðir sem héldum heimili. Það sem ég man helst eftir frá þessum fyrstu árum er að ég drakk alltaf te úr pela, ensk áhrif auðvitað, og svo að ég gat unað mér tímunum saman án þess að æmta né skræmta ef ég hafði liti og blað fyrir framan mig.

Var erfitt að koma til Íslands svona ung?

Það var geysileg breyting fyrir mig. Ég brást þannig við að ég steinþagði í heila tvo mánuði eða þangað til ég hafði hlustað það lengi á íslenskuna að ég gat talað hana skammlaust, þá hóf ég upp raust mína. Nokkrum árum síðar fór ég að heimsækja pabba út til Englands og kunnir þá ekki mikið orðið í ensk-

unni, gat þó spjarað mig sémilega.

Þegar ég var ellefu ára lokaðist ég alveg, fékk táníngaveikina og sagði ekki orð nema í ýrustu nauðsyn. Menntaskólaárin voru skelfileg að því leyti að ég var alveg hryllilega feimin og uppburðarlítill. Átján ára gömul fékk ég svo nóg, tók í mig kjark og fór með AFS til Írlands og bjó þar í heilt sumar. Ég var að vinna í sumarbúðum fyrir börn frá Belfast og Norður-Írlandi, sem áttu erfitt sökum ástandsins á þessum slóðum. Þetta var virkilega gott fyrir mig og þarna losnaði ég við þessa bælingu sem hafði verið að hrjá mig.

Hvaða stefnu tókstu svo frá þessum vendipunktum?

Eftir Írlandsdvölinna ákvað ég að fara í nám utan Íslands til að sjá eitthvað fleira. Mig langaði í eitthvað skapandi og reyndi mig aðeins við tækniteikun og auglýsingateikun, en fannst hvort tveggja of stíft fyrir mig. Ég sótti um dvöl í listaskóla í Bretlandi, sem hefur á boðstólum undirbúning fyrir frekara listnám. Maður getur prófað allt mögulegt, öll listform, til að ákveða hvað helst ætti að verða fyrir valinu. Þessi skóli er í Sunderland og þar komst ég fyrst í kast við ljósmyndun og hef verið blýföst í henni alla daga síðan. Eftir að námsárinu lauk fór ég til Bandaríkjanna í tvo mánuði og vann þar í sumarbúðum fyrir amerískar stelpur. Þetta var í Connecticut og þarna kenndi ég ljósmyndun fyrri part dagsins, tók myndir síðdegis fyrir almanak og árbók sumarbúðanna og svo hugsaði ég um einar tíu stelpur það sem eftir var sólarhringsins, barði þær í bælið á kvöldin og reif þær upp á morgnana. Við fengum einn frídag á sjö daga fresti og þá var eins gott að koma sér eins langt frá búðunum og hægt var svo maður tapaði ekki vitglórinni. Þetta var ansi hreint erfitt en heilmikil reynsla. Að þessum tveimur mánuðum loknum ferðaðist ég svo dálítið um Bandaríkin með fleiri krökkum.

Fórstu í frekara nám?

Ég sótti um tvo skóla, Harrow College of Higher Education og West Surrey College of Art and Design, sem hefur betra orð á sér sem ljósmyndaskóli, þó báðir séu með þeim bestu í Bretlandi. Ég fór með möppu af ljósmyndum og teikningum til prófdómara í báðum skólunum. Í möppunni var líka Naflabók-in, myndasería af maganum á kunnigja mínum, ég málaði andlit á magann á honum sem voru hlæjandi, grátandi og allt þar á milli og setti upp í litla bók. Upprunalega var þetta bara flílagangur og skemmtilegheit, en kennaranum leist vel á verkefnið og ég lét það fljóta með í möppunni af rælni. Svö trítla ég með hana í Harrow og þar sátu kennarnir grafalvarlegir og virðulegir í jakkafötunum sínum. Þeir byrja að fletta henni og þegar þeir koma að Naflabókinni byrja þeir að hlæja svona rosalega að einn þeirra datt afturábak út af stólunum sínum. Og ég stóð þarna og vissi ekki hvort ég ætti að hafa gaman af þessu með þeim eða hverfa niður í jörðina. Þeir sögðust svara mér eftir mánuð og þegar ég fór út frá þeim kútveltust þeir ennþá af hlátri! Tveimur dögum síðar var mér tilkynnt að ég hefði komist inn. En mig langaði meira inn í hinn skólann og fékk skómmu síðar að vita að ég hefði verið samþykkt inn í hann líka.

Í Harrow sóttu átta hundruð manns um og fjórutíu komust að, í Surrey sóttu sex hundruð um og tuttugu komust inn. Ég var vissulega heppin, en ég held að það hafi skipt miklu máli að ég var með allt öðruvísi hluti en hinir, kem úr öðru umhverfi, frá sérstæðu landi og hef því önnur áhrif í mínum verkum.

Ensku nemendurnir eru mjög hefðbundnir og fastir í ljósmyndun og lítið fyrir að prófa nýja hluti. Fyrst var ég rög við að láta ímyndunaraflíð ráða en svo tók ég af skarið og nota kinnigáfuna mikið. Kannski var það hún sem kom mér inn.

þurrhey og það hefur víðað illa til þurrheysverkunar.

Hvað kom til að þú fórst í Bændaskólann á Hvanneyri?

Það var náttúrulega fyrst og fremst áhugi fyrir búskap og öllu sem viðkemur honum. Ég hafði líka áhuga á því að kynnast þeim nýjungum sem eru í gangi núna í búskap. Þá á ég við refarækt, minkinn og kanínurækt. Ég var þarna á heimavist og svo var reyndar um flesta. Við vorum eitthvað í kringum hundrað manns í skólanum og flestir á vistinni. Þrjú fjórðu af námínu er bóklegt og síðan er þriggja mánaða tími í verknámi. Þá eru nemendur sendir á einhvern sveitabæ sem er ekki í þeirri sýslu sem maður hefur alist upp í eða hefur verið áður. Ég var sendur á bæ sem heitir Gígjarhálskot og er í Arnessýslu.

Hlaustu góða menntun á búfræðisviðinu?

Já tvímælalaust. Þarna voru um 20 kennarar sem allir sérhæfðu sig á einhverju afmörkuðu sviði. Allt sem viðkom hirðingu skepnanna var farið nákvæmlega í og þó að maður hafi vitað undirstöðuatriðin í almennum bústörfum áður en maður fór á Hvanneyri þá fékk maður betri innsýn í öll smáatriði sem skipta miklu máli í hirðingu skepn-



anna. Fyrirnefndar nýjungar í refa- og minkarækt lærðum við töluvert um og það var verkleg kennsla í þessum tveim greinum.

Heldurðu að eldri búgreinar víki fyrir þessum nýjungum.

Að einhverju leyti held ég. Þó held ég að minkaræktin aukist ekki mikið úr þessu. Það hafa verið töluverjur byrjunarörðugleikar og í einhverjum tilfellum hefur þessi rækt ekki gengið vel. Það sem spilar mest inni þetta er hið sveiflukenna

verð á skinnunum en þetta stendur allt og fellur með því.

Er ekki samdráttur í landbúnaði? Hafa einhverjir bæir hér í sýslunni farið í eyði á undanföllum árum?

Já það hafa nokkrir bæir farið í eyði. Að meðaltali fer einn bæir í eyði á ári hér í hreppnum. Þetta er mjög slæm þróun. Svokallaðar framleiðslutakmarkanir hafa reynst mörgum erfiðar og vextir af lánunum eru mjög háir og erfitt að borga af lánunum. Riðuveiki hefur fundist á nokkrum bæjum hér í sýslunni sem og víðar.

Betri tíð?

Ja, ég hef trú á því. Það þýðir ekkert annað en að vera bjartsýnn. Það gæti vel komið upp sú staða að það vantaði kjöt. Ef næðist meiri sala bæði hér innanlands og utanlands. En það háa verð sem sett er upp hér heima leiðir til þess að þeir vilja ekki borga svona hátt verð úti. Það er röng stefna að hugsa bara um að skera niður og fækka öllu sem mest. Það gæti orðið erfitt að auka framleiðsluna þegar búið er að minnka hana. Það er einfaldlega ekki hægt að stjórna hversu mikið er framleitt. Ég held að sá tími komi að það vanti landbúnaðarafurðir. En ég er bjartsýnn í framtíð landbúnaðarins.

Nú hefur þú unnið dálítið fyrir